

24

18. febr.

11. gr.
Nú ris ágreiningur út af skömmtun til farartækis, og sker þá lögreglustjóri úr honum. En áfrýja má þeim úrskurði til ráðuneytisins, sem leggur endanlegan úrskurð á ágreininginn.

12. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, rannsakað benzínbirgðir heildsala og smásala. Skulu starfsmenn skrifstofunnar sjálfrar framkvæma slíkar birgðatalningar og talningu skömmtunarmiða þar sem því verður við komið.

Sá, sem talningu á benzínbirgðum framkvæmir, skal hafa meðferðis frá skömmtunarskrifstofunni skilríki, er sýni að hann hafi heimild til að framkvæma birgðakönnunina.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100 kr. og allt að 10000 kr. Gildir þetta jafnt um þá, sem kaupa eða selja benzín, og aðra, sem brjóta gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Enn fremur má banna notkun bifreiðar um tiltekinn tíma, ef umráðamaður hennar verður brotlegur við reglugerðina. Fara skal með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Þá er og heimilt að leggja við allt að 100 króna dagsektir, ef benzinsalar skila ekki á tilteknum tíma skýrslum þeim um benzínbirgðir, sem nauðsynlegar eru til framkvæmda þeim ráðstöfunum, sem um ræðir í reglugerð þessari. Ráðuneytið ákveður dagsektir þessar í ábyrgðarbréfi eða símskeyti til aðila og skal þar tekið fram frá hvaða tíma þær falla á.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu. Öðlast hún gildi frá og með 20. febrúar 1943 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um sölu og afhendingu benzíns frá 19. marz 1940.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

25

18. febr.

AUGLÝSING

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. í dag, skal benzínskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 20. febrúar til 1. júní 1943:

A. Fólksbifreiðar:

- | | |
|--|------------|
| 1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði | 4600 lítra |
| 2. Almenningsbifreiðar, hálfkassabifreiðar og mjólkurflutninga-bifreiðar | 2300 -- |
| 3. Leigubifreiðar, 4—6 manna | 1400 -- |

4. Einkabifreiðar:		25
a. Læknabifreiðar	400 lítra	18. febr.
b. Almenn stærð, 5—6 manna	200 —	
c. Smábifreiðar, 3—4 manna	150 —	
d. Bifhjól	30 —	

B. Vörubifreiðar:

1. Vörubifreiðar, 2 tonn og stærri	1650 —
2. Vörubifreiðar, 1½ tonn	1200 —
3. Vörubifreiðar, smábifreiðar	200 —

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda fiskibátum benzínskömmtunarhefti eftir nánari fyrir-
mælum sem ráðneytið setur.

3. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mann-
flutninga að næturlagi eftir samkomulagi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði, nr. 19
5. marz 1935.

26

22. febr.

Gjöld samkvæmt 9. gr. hafnarreglugerðarinnar skulu frá í dag innheimtast með
100% viðauka.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 28. janúar
1935, um hafnargerð á Hornafirði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut
eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 219 21. des. 1939, um breyting á reglugerð nr. 133
28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

27

25. febr.

1. gr.

Í stað orðanna „af brunabótamati þeirra“ í 6. málsg. kaflans um fyrningu
í 1. gr. reglugerðarinnar komi: af fasteignamati þeirra.

Upptalningin á fyrningarhundraðshlutanum í kaflanum um byggingar breyt-
ist svo: Fyrningin á steinhúsum verði 2% og á timburhúsum 4%.